

m
MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

tudorwatch.com

TUDOR HERITAGE BLACK BAY



TUDOR
WATCH YOUR STYLE

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. nóvember 2012 | 18. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Er prentverkið
Svansmerkt?



GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



ÚR FRAMLEIÐSLU VEIÐARFÆRA Í ÞRÓUN OFUREFNA

→ Viðtal við sölustjóra hjá
Hampiðjunni

→ Hampiðjan er stærsti
birgir á ofurtógi fyrir
olíuleit í heiminum

→ Sjá mikla vaxtarmögu-
leika í mörgum geirum

Fótbolti.net hagnaðist í fyrra

Fótbolti ehf., sem á og rekur vefinn Fótbolti.net, hagnaðist um 355 þúsund krónur á síðasta ári og eigið fé þess um áramót var 1,1 milljón króna. Félagið tapaði 296 þúsund krónum á árinu 2010. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Fótbolta ehf. Engar upplýsingar eru um veltu Fótbolti.net í ársreikningnum.

Hafliði Breiðfjörð Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fótbolti.net, á 95 prósent hlutfjár í félaginu. Fótbolti.net varð tíu ára fyrr á þessu ári. Hann er í dag vinsælasti knattspyrnuvefur landsins með tæplega 1,7 milljón flettingar á viku og er í niunda sæti yfir mest sóttu vefi landsins. Það eru fleiri flettingar en næststærsti knattspyrnuvefur, 433.is, og íþróttahlutar Mbl.is og Vísir.is fá samanlagt á viku, en þær eru um 1,6 milljónir. - þsj

Tilviljun að bilun varð í kerfi Nova 9. október tvö ár í röð

Alvarleg bilun varð í kerfi Nova þann 9. október sem varð til þess að rof varð á fjarSKIPTAÞJÓNUSTU fyrirtækisins. Um sextíu mínútur tók að koma þjónustunni á. Athygli vekur að á sama degi fyrir einu ári, þann 9. október 2011, varð einnig alvarleg bilun í kerfi Nova sem orsakaði það að viðskiptavinir fyrirtækisins urðu sambandslausir.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir það ef til vill hljóma ótrúlega, en að það sé alger tilviljun að bilanirnar hafi borið að á sama degi. „Bilunin [sú síðari] varð vegna ljósleiðaravinnu. Verið var að undirbúa stærri aðgerð sem átti að fara síðar fram, en vegna mistaka var framkvæmd ljósleiðaratenging sem ekki átti að eiga sér stað. Í kjölfarið kom mikið álag á fjarSKIPTAKERFIÐ og farsímar misstu tengingu.“ - þsj

Greiðslumáti framtíðarinnar

Valitor hefst handa við að snjallsímavæða greiðslukortamarkaðinn á Íslandi. Tilraunaverkefni í samstarfi við Visa Europe og Oberthur Technologies fer í gang eftir áramót. - þj/sjá síðu 10

JÁKVÆÐ MERKI ÚR ATVINNULÍFINU

Það eru jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Fjölmörg fyrirtæki eru að ná eftirtektarverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Arion banki fagnar þessum góða árangri.

Kynntu þér málið á arionbanki.is



18%
ÚTFLUTNINGSÁUKNING
REYKJAVÍK GEOTHERMAL

Fróðleiksmolinn




Árlega mælir Hagstofa Íslands tækjæign íslenskra heimila með tilliti til nokkurra algengra raftækja. Þannig vitum við til dæmis að 89% íslenskra heimila voru með tölvu árið 2005, en það hlutfall var komið upp í 93% árið 2010.


Sambærilegar tölur (fyrir Bandaríkin) má finna í hinni bandarísku orkunotkun-arkönnun „Residential Energy Consumption Survey“ sem bandaríska orkuupp-lysingastofnunin Energy Information Agency (EIA) framkvæmir að jafnaði á þriggja til fjögurra ára fresti. Nýjustu tölur úr þeirri könnun eru frá árinu 2009.

Það ber reyndar að taka fram að aðferðafræði kannananna tveggja kann að vera ólík svo gögnin þurfa ekki að vera að fullu sambærileg, en séu tölurnar bornar saman má til dæmis sjá að tölvueign Íslendinga er meiri en tölvueign Bandaríkjamanna. Sjónvarpseign beggja þjóða er raunar nálægt 100%, þó eilítið hærri vestanhafs. Í báðum löndum má sjá fækkun í eign myndbands-upptökutækja síðastliðinn áratug, sem ætti vitanlega ekki að koma á óvart.


Tölva á heimilinu: Ísland og Bandaríkin



Sjónvarp á heimilinu: Ísland og Bandaríkin



Myndbandstæki á heimili: Ísland og Bandaríkin



Dagatal viðskiptalífsins



Miðvikudagur 24. október

→ Bankakerfi | Hagtölur SÍ

Fimmtudagur 25. október

→ Viðskipti með atvinnuhúsnæði | September

→ Vísitala neysluverðs | Október 2012

→ Ýmis lánaþyrftækni | Hagtölur SÍ

Mánudagur 29. október

→ Verðbréfavíðskipti | Hagtölur SÍ

→ Staða markaðsverðbréfa | Hagtölur SÍ

Þriðjudagur 30. október

→ Væntingavísitala Gallup

→ Fjöldi útgefna vegabréfa

→ Nýskráningar og gjaldþrot félaga | Sept. 2012

→ Vísitala framleiðsluverðs | Sept. 2012

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



EIGANDI Skúli Mogensen er aðaleigandi Wow air og hefur verið duglegur að ausa fé í rekstur félagsins. Hann reiknar með að skila hagnaði eftir tvö til þrjú ár. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Wow air kaupir Iceland Express

Skúli Mogensen lagði enn meira fé inn í Wow air til að geta keypt Iceland Express. Kaupverðið ekki gefið upp. Pálmi Haraldsson sá ekki fram á annað en tap í „núverandi samkeppnisumhverfi“.

FLUGSAMGÖNGUR

Þóroddur Snær Júlíusson
thoroddur@frettabladid.is

Wow air keypti í gær Iceland Express fyrir ótilgreinda upphæð. Skúli Mogensen, aðaleigandi Wow air, lagði félaginu til aukði fé til að hægt væri að ganga frá kaupunum. Pálmi Haraldsson, sem hefur átt Iceland Express í átta ár, hverfur út úr íslenskum flugheimi. Rúma viku tók að ganga frá kaupunum.

Hið sameiginlega félag verður rekið undir merkjum Wow air þó að það komi til greina að reka einhvern hluta starfseminnar undir nafni Iceland Express. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Rekstur Iceland Express hefur ekki gengið vel á undanförunum árum. Félagið tapaði 2,7 milljörðum króna á síðasta ári, samkvæmt heimildum Markaðarins, en félagið hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir það ár. Pálmi Haraldsson sagði frá því í yfirlýsingu í apríl síðastliðnum að hann hefði lagt Iceland Express til um tvo milljarða króna frá haustinu 2011. Til við-

bótar breytti hann síðan um hálfum milljarði króna af skuldum félagsins við hann sjálfan í nýtt hlutafé í september síðastliðnum.

Í tilkynningu sem Pálmi sendi frá sér í gær segir að hann sé ekki í vafa um að leiðandi hlutverk Iceland Express í flugsamkeppni hafi skipt miklu máli. „Því miður hefur það líka tekið sinn toll. Félagið hefur tapað miklu fé síðustu miss-erin sem bætt hefur verið upp með nýju fjármagni frá eiganda þess. Fátt bendir til annars en að í núverandi samkeppnisumhverfi félagsins verði áframhaldandi tap af rekstri nema róttækar breytingar komi til. Af þeirri ástæðu ákvað ég að bjóða íslenska félaginu Wow air að yfirtaka ákveðna þætti úr rekstri Iceland Express“.

Skúli segir kaupin ekki hafa átt sér langan aðdraganda, þótt ákveðið daður hafi átt sér stað í svolitinn tíma. „Raunverulegar viðræður hófust ekki fyrr en fyrir rúmri viku. Þetta vannst hratt í litlum og þröngum hópi svo kaupin gætu klárast án þess að upplýsingar um þau væru komin út um allar trissur.“

Skúli segir að hluta starfsfólks

Iceland Express verði boðin störf hjá Wow air en óhjákvæmilegt sé að kaupunum fylgi uppsagnir. „Það verður farið í þá vinnu núna að skoða nákvæmlega hvernig þessu verður háttað.“

Skúli lagði Wow air til hálfan milljarð króna í nýtt hlutafé í ágúst síðastliðnum. Hann lýsti því auk þess yfir í samtali við Fréttablaðið að hann hygðist auka hlutaféð enn frekar til að standa undir frekari vexti félagsins. Aðspurður segir hann að kaupin á Iceland Express hafi kallað á að hann legði Wow air til enn meira fé. Hann vill ekki gefa upp hversu mikið. „Það var greitt fyrir þessi kaup, en upphæðin er ekki gefin upp.“ Greiðslan mun renna til Pálma. Það verður síðan hans að gera upp við þá sem hafa þjónustað Iceland Express.

Að sögn Skúla kemur vel til greina að fjölga í hluthafahópi Wow air þegar fram líða stundir, en það verði ekki í nánustu framtíð. „Wow air er enn í örum uppbygg- ingarfasa og tel ég ekki tímabært að fjölga þeim. Það mun þó örugglega koma til tals á einhverjum tímapunkti.“

Framkvæmdastjórar fá 34 til 40 prósentu afslátt á hlutabréfum í Eimskip:

Eimskip á markað í nóvember

Hlutabréf í Eimskip verða tekin til viðskipta í kauphöll um miðjan næsta mánuð eftir að 25 prósentu hlutur verður seldur til fagfjárfesta og almenningu í tveimur aðskildum útboðum. Verðbilið í fyrra útboðinu, þar sem um tuttugu prósentu hlutur verður seldur til valdra fagfjárfesta, verður 205 til 225 krónur og niðurstaða þess mun síðan stýra verðinu í síðara útboðinu, þar sem almenningi verður boðið að kaupa um fimm prósentu hlut. Þetta kemur fram í skráningarlýsingu Eimskips sem birt var seint á mánudagskvöld. Fréttablaðið greindi frá helstu atriðum hennar um miðja síðustu viku. Miðað við verðbilið er heildarvirði hlutafjár í Eimskip 41 til 45 milljarðar króna.

Þeir sem eru að selja fjórðungshlutinn eru þrotabú Landsbankans (19,92 prósent), ALMC hf., sem er móðurfélag Straums fjárfestingabanka (4,16 prósent), og Samson eignarhaldsfélag, sem áður var í eigu Björgólfsfeðga (0,92 prósent).

Allir þessir aðilar hafa skuldbundið sig til að selja ekki önnur bréf sem þeir eiga í Eimskip í sex mánuði eftir útboðið. Seljendurnir áskilja sér auk þess rétt til að fjölga eða fækka þeim hlutum sem eru til sölu og mun ákvörðun um slíkt ráðast af eftirspurn. Frá 23. október til 25. október 2012 verður völdum hópi fjárfesta boðið að skrá sig fyrir hlutum á verðbilinu 205-225 krónur á hlut. Frá 30. október til

2. nóvember verður almenningi boðið að skrá sig fyrir hlutum í félaginu á föstu útboðsgengi. Það gengi mun ákvarðast af eftirspurn í lokaða ferlinu. Fyrsti viðskiptadagur með hlutabréf í félaginu getur í fyrsta lagi orðið 16. nóvember 2012.

Í skráningarlýsingunni kemur fram að sex framkvæmdastjórar Eimskips muni fá að kaupa hlutabréf á 135 krónur á hlut. Samtals hafa stjórnendurnir fengið kauprétt á ríflega fjögurra prósentu hlut. Virði hlutarins miðað við verðbilið í útboðinu er 1,8 til tveir milljarðar króna. Alls nemur afsláttur þeirra miðað við verðbilið í útboðinu 34 til 40 prósentum.

- þsj

VILTU VITA Í HVAÐ TÍMINN FER?

Taktu stjórnina með Tímon tímaskráningarkerfi

www.timon.is



Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár.

Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



RÁÐHERRA Starfshópurinn á að skila frumvarpsdrögunum til Katrínar Júlíusdóttur fjármálaráðherra.

FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Frumvarpsdrög um breytingar á stimpilgjaldalögum:

Von á tillögum upp úr næstu áramótum

Starfshópur sem vinnur að tillögu um breytingu á stimpilgjöldum í formi frumvarpsdraga mun skila tillögum upp úr áramótum, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu. Hópurinn átti upphaflega að skila þeim í síðasta lagi í október.

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að endurskoða lög um stimpilgjöld með það fyrir augum að afnema slík gjöld þegar neytendur vilja skipta um banka. Sú skuldbinding var skilyrði fyrir því að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) myndi samþykkja ríkisaðstoð við nýju bankana þrjá, Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka. Í ákvörðun ESA sagði einnig að starfshópurinn ætti að kanna hvernig álagningu stimpilgjalda mætti breyta til að ein-

falda ferlið og ýta undir samkeppni á meðal fjármálafrumvarpa.

Samkvæmt lögum um stimpilgjöld greiða allir sem kaupa sér fasteign 0,4 prósent af fasteignamatni hennar í stimpilgjald til ríkissjóðs. Þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign eru þó undanþegnir gjaldinu.

Stimpilgjöld eru mikil tekjulind fyrir ríkissjóð. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 er áætlað að þau skili 4,1 milljarði króna í hann á næsta ári. Á árunum 2009 til 2012 er áætlað að þau hafi skilað 11,7 milljörðum króna í ríkissjóð. Samtals munu Íslendingar því hafa greitt 15,8 milljarða króna stimpilgjöld frá byrjun árs 2009 og út næsta ár, gangi tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins eftir.

- þsj

Skjárinn tapaði um 300 milljónum í fyrra

Tap Skjásins dróst saman um tæpar hundrað milljónir í fyrra. Veltan jókst um 350 milljónir á sama tíma. Framkvæmdastjórinn segir batann hafa haldið áfram í ár og að stutt sé í hagnað.

FJÖLMÍÐLAR

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Skjárinn ehf., sem rekur Skjá-Einn, SkjáBíó, SkjáHeim og Skjá-Golf, tapaði 285 milljónum króna í fyrra. Það er tæpum hundrað milljónum króna minna en félagið tapaði árið áður. Samtals nemur tap Skjásins á árunum 2010 og 2011 663 milljónum króna. Eigið fé félagsins var neikvætt um 653 milljónir króna um síðustu áramót. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi þess.

Velta Skjásins, sem samanstendur af tekjum af sölu áskrifta og auglýsinga, jókst hins vegar um 350 milljónir króna á milli ára og var tæplega 1,9 milljarðar króna.

Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri Skjásins, segir reksturinn hafa gengið enn betur í ár en í fyrra. „Það hefur orðið mjög mikill bati hér á tveimur árum. Ástæðan er blanda af mörgu. Undirliggjandi rekstrar-einingar, sem eru nokkrar, hafa allar staðið sig ágætlega. Svo hefur verið stíft aðhald í rekstri líkt og þarf að vera.“

Spurður hvort það sé fyrir-sjáanlegt að Skjárinn skili hagnað í náinni framtíð svarar Friðrik því játandi. „Við förum nálægt því á þessu ári. Þetta er allt annað umhverfi í dag en það



SKJÁR EINN Skjárinn rekur næststærstu áskriftarsjónvarpstöð landsins auk ýmissa minni rekstrareininga. Skjá-Einn hóf göngu sína haustið 1999 og var framan af ókeypis, en hefur verið áskriftarstöð frá haustinu 2009.

sem við höfðum verið að vinna í. Við höfum ekkert verið að flagga því, en ég skal ekkert neita því að þetta hefur gengið vonum framar að snúa þessum rekstri við. Þetta lítur vel út hjá okkur og menn eru bjartsýnir.“

Skjárinn skuldar móðurfélagi sínu Skiptum 1,4 milljarða króna og jukust þær skuldir um tæpar 400 milljónir króna á síðasta ári. Vegna þessara skulda greiddi Skjárinn móðurfélaginu Skiptum 94 milljónir króna í vexti á árinu 2011. Á síðustu tveimur árum hafa vaxtagreiðslur til

Skipta numið um 154 milljónum króna.

Eigandi Skjásins eru Skjá miðlar ehf., sem er að öllu leyti í eigu Skipta. Skipti er einnig móðurfélag Símans. Skjárinn keypti vöru og þjónustu frá Skiptum, Símanum og dótturfélagi hans Mílu fyrir samtals 405 milljónir króna í fyrra. Auk þess greiddi félagið 94,2 milljónir króna í vexti til Skipta vegna lána sem félagið veitti Skján-um. Á árinu 2010 keypti Skjárinn þjónustu af sömu félögum fyrir 343 milljónir króna og greiddi Skiptum 59,6 milljónir króna í vexti.

SKIPTI TRYGGIR REKSTRARHÆFI ÚT ÁRIÐ

Í ársreikningnum segir að „þrátt fyrir rekstrartap á árinu 2011 hefur orðið umtalsverður viðsnúningur í rekstri félagsins á árinu 2011 þar sem rekstrartap hefur lækkað verulega samanborið við fyrra ár og skýrist það einkum af hagræðingaraðgerðum stjórnenda auk þess sem vöxtur hefur verið í tekjum félagsins á árinu [...] Eiginfjárstaða félagsins í árslok er neikvæð en stjórnendur telja að ekki leiki vafi á áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins þar sem móðurfélag þess, sem er jafnframt stærsti lánardrottinn þess, mun

styðja fjárhagslega við rekstur félagsins og tryggja áframhaldandi rekstur þess a.m.k. næstu 12 mánuði.“

Friðrik segir ekki hafa verið rætt mikið um það hvort skynsamlegt væri að breyta skuldum Skjásins við Skipti í hlutafé til að laga eiginfjárstöðuna. „Eigandinn ræður ferðinni í því hvernig hann vill hafa skipulagið á efnahagsreikningnum. Við erum um leið stór viðskiptavinur Símans í dreifingu. Þannig að það er þeirra [eigandans] að svara fyrir þetta frekar en að ég geri það.“



FRIÐRIK FRIÐRIKSSON

Vörukynning hjá Apple:

Ný gerð iPad á markað

Apple, verðmætasta fyrirtæki heims, kynnti nýja vörulínu á kynningarfundum í San José í Kaliforníu í gær. Á fundinum bar hæst að Apple tilkynnti að fyrirtækið hæfi brátt sölu á smærri og ódýrari gerð af iPad-spjaldtölvunni vinsælu.

Búist hefur verið við tilkynningu um smærri gerð iPad um hríð. Hins vegar kom á óvart að Tim Cook, forstjóri Apple, tilkynnti einnig um nýja gerð af hinni hefðbundnu iPad-tölvu. Apple kynnti síðast nýja iPad-tölvu í vor en yfirleitt hefur ár hið minnsta verið látið líða milli kynslóða af framleiðslu fyrirtækisins.

Apple setti iPad-spjaldtölvuna á markað í apríl árið 2010 en síðan hefur fyrirtækið selt 100 milljón eintök.

IPAD MINI Phil Schiller hjá Apple kynnti hina nýju gerð iPad á kynningarfundinum í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP



cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDEGI

Tímabundin lækkun sérstaks veiðigjalds

25. október | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Farið verður yfir reglugerð um tímabundna lækkun sérstaks veiðigjalds og fjallað um skilyrði fyrir lækkuninni.

Skráning og frekari upplýsingar á kpmg.is

4,9 – 8,0 L/100 KM GERI AÐRIR BETUR!

KYNNIÐ YKKUR
REKSTRARLEIGU
TIL FYRIRTÆKJA

TRAFIC STUTTUR

VERÐ FRÁ: **3.338.645** KR. ÁN VSK.
2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 6,9 L/100 KM*



KANGOO II EXPRESS

VERÐ: **2.462.151** KR. ÁN VSK.
1,5 DÍSIL - 90 HÖ - 4,9 L/100 KM*



MASTER MILLILANGUR

VERÐ FRÁ: **4.215.139** KR. ÁN VSK.
2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,0 L/100 KM*



www.renault.is

RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR. Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master hefur gríðarstórt flutningarými og er fánægur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

*Eyðsla á 100 km miðað við blandaðan akstur



RENAULT



BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

Ágúst og Lýður Guðmundssynir orðnir aðaleigendur Bakkavarar

Ágúst og Lýður Guðmundssynir eru aftur orðnir stærstu eigendur Bakkavarar sem þeir stofnuðu árið 1986. Fyrrum kröfuhafar þeirra hafa unnvörpum selt þeim hluti. Hafa keypt fyrir meira en átta milljarða króna á þessu ári. Hollenskt félag í eigu bræðranna greiddi sér tæpa níu milljarða út í arðgreiðslur á árunum fyrir hrun.

VIÐSKIPTI | FRÉTTASKÝRING

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Lýður og Ágúst Guðmundssynir, stofnendur Bakkavarar, eru orðnir stærstu einstöku hluthafar félagsins. Samkvæmt heimildum Markaðarins er eignarhluti þeirra nú um 40 prósent. Fyrir hann hafa þeir greitt yfir átta milljarða króna.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í lok september að bræðurnir væru komnir með um 30 prósent eignarhlut í Bakkavör eftir að aðilar á þeirra vegum, meðal annars íslensk verðbréfafyrirtæki, hófu að gera innlendum hluthöfum tilboð í hluti þeirra í félaginu. Þá höfðu hluthafar á borð við Þrotabú Glitnis og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) selt bræðrunum hlut sinn.

Síðan þá hafa aðrir hluthafar, meðal annars Íslandssjóðir (sjóðstýringarfélag í eigu Íslandsbanka), MP banki og minni lífeyrissjóðir, selt Lýð og Ágústi hluti sína.

Ferli hafið

Á aðalfundi Bakkavarar Group í maí síðastliðnum voru samþykktar umtalsverðar breytingar á félaginu. Í þeim fólst meðal annars að kröfuhafar Bakkavarar Group myndu breyta kröfum sínum á félagið í hlutafé í bresku móðurfélagi samstæðunnar, að Bakkavör Group yrði slitið, að bræðurnir myndu fá að kaupa fjórðungshlut í breska félaginu og að hluthafasamkomulag sem tryggði þeim meirihluta stjórnarmanna í Bakkavör yrði fellt úr gildi. Það samkomulag hafði verið í gildi frá því að nauðasamningar Bakkavarar voru samþykktir árið 2010.

Greiddu sér níu milljarða í arð

Fjórðungshlutinn fengu bræðurnir að kaupa á um fjóra milljarða króna. Innra virði Bakkavarar miðað við eigið fé er um 20 milljarðar króna, og því ljóst að bræðurnir greiddu minna en eina krónu fyrir hverja nafnvirðiskrónu.

Í kjölfarið hófu þeir mjög markvisst að reyna að kaupa hlutafé annarra hluthafa og buðust til að greiða í reiðufé. Tilboðið á þeim tíma var um 70 aurar á hverja nafnvirðiskrónu. Viðmælendur Markaðarins sem tengjast málinu segja að fjármagnið sem bræðurnir buðu hafi ekki verið lánsfé frá fjármagnsstofnunum. Mikið var því rætt um hvaðan bræðurnir fengu féð.

Það ætti þó ekki að koma neinum á óvart að Lýður og Ágúst væru með fé á milli handanna. Fyrir hrun var hollenskt félag í þeirra eigu, Bakkabræður Holding B.V., aðaleigandi fjárfestingafélagsins Existu sem hélt meðal annars á eignarhlut þeirra í Bakkavör auk þess að vera stærsti eigandi Kaupþings.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kom fram að það félag hefði verið á meðal þeirra aðila sem báðu hæstar arðgreiðslur á uppgangsárunum fyrir hrun. Alls fékk félagið tæpa níu milljarða króna í arðgreiðslur á árunum 2005 til 2007.

Bæta duglega við sig

Bræðrunum varð strax töluvert ágengt. LSR seldi til að mynda sinn hlut í félaginu til þeirra, þó í gegnum þriðja aðila.

Þann 27. september síðastliðinn var síðan haldinn hluthafafundur í Bakkavör Group til að slíta félaginu. Þegar kom að honum höfðu bræðurnir þegar tryggt sér rúmlega 30 prósent hlut. Á meðal þeirra aðila sem höfðu líka selt þeim eignarhlut sinn var Þrotabú Glitnis. Verðið sem þeir voru að greiða fyrir hlutina hafði þó farið hægt og bítandi hækkandi og var komið yfir eina krónu fyrir hverja krónu á nafnvirði.

Í kjölfar slitanna má ekki lengur stunda viðskipti með „gömlu“ íslensku hlutabréfin í Bakkavör Group án undanþágu



BAKKAVÖR Gerður var nauðasamningur við kröfuhafa Bakkavarar árið 2010. Í honum fólst að bræðurnir gætu eignast aftur hlut í fyrirtækinu ef þeir myndu greiða kröfuhöfum að fullu til baka. Þegar það gekk ekki eftir fengu þeir að kaupa 25 prósent hlut. Þeir hafa síðan jafnt og þétt bætt við þá eign. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BAKKAVÖR

Barist um stjórnarformannstólinn

Fyrsti stjórnarfundur í hinu breska Bakkavör eftir slitin á gamla móðurfélaginu var haldinn í byrjun þessa mánaðar. Það var líka fyrsti fundurinn sem haldinn var eftir að hluthafasamkomulag sem tryggði bræðrunum meirihluta í stjórn var fellt út gildi.

Heimildir Markaðarins herma að sú blokk sem fer með meirihluta í félaginu hafi gert kröfu um að fá að skipa stjórnarformann í því á fundinum, en Lýður Guðmundsson situr nú í því sæti. Í fyrsta lagi voru færð þau rök fyrir tillögunni að ekki gengi að bræðurnir héldu tveimur valdamestu stöðunum innan Bakkavarar-samstæðunnar, en Ágúst er forstjóri hennar.

Í öðru lagi töldu þeir í besta falli óþægilegt að Lýður sæti sem stjórnarformaður vegna ákæru sem sérstakur saksóknari gaf út á hendur honum fyrir skemmtu. Það skapaði vandræði í Bretlandi og væri ekki félaginu til framtíðar að hann gegndi stöðunni á meðan málið væri leitt til lykta. Ákæran var þingfest 11. október síðastliðinn og lýsti Lýður þá yfir sakleysi sínu. Honum er gefið að sök að hafa framið stórfellt brot á hluthafalögum og villandi upplýsingagjöf þegar hlutafé í Existu var aukið um 50 mill-

jarða króna í desember 2008. Félag Lýðs og Ágústs skráði sig fyrir aukningunni en ætlaði einungis að greiða einn milljarð króna fyrir. Milljarðurinn kom frá Lýsingu, dótturfélagi Existu, í formi láns en skilaði sér aldrei lengra en inn á vörslureikning hjá Logos.

Þá hefur embætti sérstaks saksóknara einnig haft til rannsóknar sölu á 39,6 prósent hlut Existu, sem bræðurnir stýrðu, í Bakkavör til félags í þeirra eigu með kúluláni frá Existu haustið 2008. Rannsókn málsins er nú lokið og liggur það nú hjá saksóknara sem þarf að taka ákvörðun um hvort ákært verður.

Bræðurnir voru ekki sáttir við tillöguna og bentu á að þeir, sem stærstu einstöku eigendur Bakkavarar, ættu rétt á formannssætinu. Ákveðið var að fresta málinu á síðasta fundi en heimildir Markaðarins herma að meirihlutablokkinn ætli sér formannsstólinn í náninni framtíð.

Í stjórn Bakkavarar í dag sitja Lýður og Ágúst, Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion banka, Bjarni Þórður Bjarnason, aðstoðarframkvæmdastjóri Arctica Finance, og Guðmundur Oddsson, lögmaður hjá Lex sem er nýr í stjórninni.

FYRIR DÓMI Lýður er ákærður fyrir sinn þátt í ólögmaetri hlutafjárlaukningu í Existu sem framkvæmd var í desember 2008. Hún tryggði bræðrunum áframhaldandi yfirráð yfir félaginu. Þeir hafa síðan misst þau yfirráð.



Hafa fengið hundruð milljóna afslátt

Tvö félög í eigu bræðranna Lýðs og Ágústs, Korkur Invest og BV Finance, hafa undanfarið komið með umtalsverða fjármuni til landsins í gegnum fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands. Morgunblaðið greindi frá því að bræðurnir hefðu komið með 463 milljónir króna til landsins í júlí í gegnum BV Finance. Korkur Invest hafði síðan alls gefið út skuldabréf upp á þrjá milljarða króna í ágúst síðastliðnum, samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskráar, og hefur heimild til að gefa út milljarð króna til viðbótar.

Rúmlega tuttugu prósent afsláttur fæst á íslenskum krónum með því að koma með fé í gegnum fjárfestingaleið Seðlabankans. Því er ljóst að bræðurnir hafa fengið nokkur hundruð milljóna króna virðisaukningu á það fé sem þeir hafa komið með inn í landið með þessum hætti.

Seðlabankans heldur þurfa slík viðskipti að fara fram í Bretlandi og með hluti í breska móðurfélaginu. Áður en það gerðist bættu bræðurnir þó duglega við sig. Þeir keyptu meðal annars hluti Íslandssjóða, MP banka og minni lífeyrissjóða. Verðið sem þeir greiddu fyrir var komið upp í meira en 1,5 krónur á hverja nafnvirðiskrónu. Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að meðalverð hafi líklega verið um ein króna fyrir hverja nafnvirðiskrónu. Samkvæmt því hafa bræðurnir greitt um átta milljarða króna fyrir um 40 prósent hlut sinn.

Stærstu einstöku eigendurnir

Staðan í Bakkavör er því þannig í dag að bræðurnir eru stærstu einstöku eigendur félagsins með um 40 prósent hlut. Hópur íslenskra kröfuhafa hefur myndað blokk á móti þeim og er með rúmlega 50 prósent eignarhlut. Á meðal þeirra sem tilheyra þeirri blokk eru Arion banki (34 prósent), Lífeyrissjóður verzlunarmanna (sjö prósent) og Gildi lífeyrissjóður (fimm prósent). Auk þess eru Almenni lífeyrissjóðurinn, Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Stafir lífeyrissjóður hluti af blokkinni. Afar ólíklegt er talið

að þessir aðilar muni selja eignarhlut sinn til bræðranna.

Aðrir eigendur eru vogunarsjóðurinn Burlington Loan Management Ltd. Sem hefur eignast alls um fimm prósent hlut með uppkaupum á kröfum og hlutafé. Þessi sjóður er líka á meðal stærstu eigenda Klakka, sem áður hét Exista, og stærstu kröfuhafa Þrotabúa Kaupþings og Glitnis. Heimildir Markaðarins herma að Burlington sjái sér frekar hag í að vinna með Arion banka og lífeyrissjóðunum en bræðrunum. Það sem upp á vantar, um fimm prósent hlutur, er í eigu fyrrum A-hlutabréfaeigenda í Bakkavör.

Mikil tækifæri í framleiðslu ofurkapla

Hampiðjan hefur á síðustu árum haslað sér völl í fjölda annarra geira en sjávarútvegi. Fyrirtækið selur mikið til olüufyrirtækja.

ÍÐNAÐUR | FRÉTTAVIDTAL
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Hampiðjan er sennilega nátengd sjávarútvegi og framleiðslu veiðarfæra í huga flestra Íslendinga. Fyrirtækið var enda stofnað árið 1934 af íslenskum sjómönnum og hefur séð fiskiskipaflothanum fyrir netum, köðlum og öðrum veiðarfærum síðan. Á áttunda áratugnum fór Hampiðjan í útrás með kjarnastarfsemi sína og á síðustu tuttugu árum hefur fyrirtækið svo haslað sér völl á ýmsum nýjum mörkuðum.

Nú til dags hefur Hampiðjan starfsstöðvar í átta löndum og kemur langstærstur hluti tekna fyrirtækisins erlendis frá. Mest öll framleiðsla þess fer fram í Litháen en höfuðstöðvarnar eru hér á landi. Helsti vaxtarbroddur þess nú er sala á ýmiss konar köplum, taumum og stroffum til olüufyrirtækja. Þá selur fyrirtækið vörur til ýmissa annarra geira, svo sem til snekkjuframleiðenda, herja og jafnvel kvikmyndaframleiðslufyrirtækja.

Markaðurinn ræddi við þá Inga Þórðarson, sölustjóra reipa og neta hjá Hampiðjunni, og Davíð G. Waage, sem hefur umsjón með sölu til olüufyrirtækja, um starfsemi fyrirtækisins.

ÖRT VAXANDI MARKAÐIR
„Við eigum nú í viðskiptum við miklu fleiri geira en bara sjávarútveg þótt hann sé sögulega okkar mikilvægasti geiri. Mjög stór hluti af framleiðslunni er núna fyrir annan iðnað og sá geiri sem er nú veigamestur fyrir utan sjávarútveg er olüuiðnaðurinn,“ segir Davíð og heldur áfram: „Í raun eru þetta tveir ólíkir geirar. Annars vegar erum við að selja til olüufyrirtækja sem vinna olüu af hafsbotni og hins vegar til olüuleitarfyrirtækja.“

Davíð segir olüufyrirtækin nota kapla og tauma Hampiðjunnar til ýmissa verka. „Þeir stærstu eru notaðir til að lyfta olüudælu-búnaði frá kannski verksmiðju í Noregi á skip og svo niður á hafsbotn. Þessar vélar eru á stærð við þriggja hæða hús og olüufyrirtækin setja upp litlar borgir af þeim á hafsbotni. Þetta er ekki hægt að gera öðruvísi en að nota ofurefnin sem okkar kaplar eru búnir til úr. Þessar dælur eru einfaldlega það þungar að kranar og skip ráða ekki við þær ella þegar á mikið dýpi er komið því langir stálvírar verða of þungir. Okkar stroffur eru þar að auki mun öruggari þar sem þær eru mjúkar



DAVÍÐ G. WAAGE Stærstur hluti framleiðslu Hampiðjunnar fer fram í Litháen en þó eru enn framleidd veiðarfæri fyrir á annan milljarð króna á Íslandi á ári hverju.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og auðveldara að vinna með þær. Þá er miklu fljótlegra að koma taumunum fyrir auk þess sem það er engin hætta á að þeir eyðileggi annan búnað eins og stálvírnir geta gert,“ segir Davíð og heldur áfram: „Olüuleitar-skip nota svo vörur frá okkur til að draga á eftir sér stórar loftbyssur og allt að 20 kílómetra langa hlustunarkapla en þessi tæki eru notuð til að greina berg á hafsbotni. Svona skip voru til dæmis á Drekasvæðinu í sumar og öllu haldið saman með vörum frá okkur.“

Hampiðjan er að sögn Davíðs orðinn stærsti birgir olüuleitarfyrirtækja fyrir tauma og kapla. Þá segir Davíð flestar spár gera ráð fyrir því að markaðurinn nærri tvöfaldist á næstu árum sem geti haft mikla þýðingu fyrir Hampiðjuna.

STEFNA Á FREKARI LANDVINNINGA
Hampiðjan hefur vaxið talsvert á síðustu árum. Tekjur fyrirtækisins námu tæpum sjö milljörðum króna á síðasta ári og var hagnaður þess tæpar 1.200 milljónir. Til samanburðar voru tekjur þess ríflega þrír milljarðar fyrir tíu árum og hagnaður 175 milljónir. Að sögn Davíðs hefur vöxturinn aðallega orðið á nýjum mörkuðum. Fyrir utan sjávarútveg og olüuiðnað selur fyrirtækið nú til fjölda annarra geira. Til dæmis má nefna að Hampiðjan selur kaðla og kapla til bæði norska og bandaríska hersins og til kvikmyndaframleiðslufyrirtækja.

„Okkar taumar eru notaðir við leikmyndagerð svo sem við gerð Hringadróttinssögu-myndanna og nú Hobbíta-myndanna sem verið er að gera á Nýja-Sjálandi. Fyrr á þessu ári var greint frá því að Hobbítanum yrði skipt í

þrjár myndir í stað tveggja eins og áður hafði verið stefnt að. Við fengum að vita það nokkru áður en það varð opinbert þar sem þeir nota vörur frá okkur við kvikmyndagerðina,“ segir Ingi Þórðarson.

Ingi segir vaxtarmöguleika Hampiðjunnar enn mjög mikla þar sem nýir markaðir séu sífellt að opnast fyrirtækinu. „Málmvírar eru notaðir ótrúlega víða en okkar vörur eru yfirleitt praktískari. Okkar áskorun er að uppgötva markaði þar sem vörurnar geta komið að gagni og kynna síðan eiginleika ofurefna og möguleika okkar vara,“ segir Ingi og heldur áfram: „Við erum oft að fræða fyrirtæki um ofurefni en sú staðreynd að margir eru ekki meðvitaðir um þau bendir til þess að við höfum enn mikil tækifæri til að selja okkar vörur á nýjum mörkuðum. Við lítum í því samhengi til skógarhöggs, námuvinnslu, uppsetningar vindmylla á hafi úti og sjávarfallavirkjana svo eitthvað sé nefnt.“

Ingi segir Hampiðjuna hafa metnaðarfullar áætlanir um að láta að sér kveða á þessum mörkuðum og fleirum. „Það sést til dæmis á nýjustu vélakaupum okkar en nýverið keyptum við stærstu vél sem hefur verið framleidd fyrir okkar geira. Með henni getum við framleitt sverustu kaðla og sterkustu kapla sem til eru í heiminum,“ segir Ingi og bætir við að lokum: „En það má ekki gleyma því að uppruni okkar er í sjávarútvegi og honum hyggjumst við sinna áfram. Hampiðjan var stofnuð árið 1934 af skipstjórum og vélstjórum og stjórnin okkar er enn þá að hluta til skipuð afkomendum þessara manna. Við þurfum sífellt að vera á tánum til að halda okkar stöðu þar.“

Góðir fyrir bakið!

Veltikollar og hnakkstólar



Sitness
Kr. 39.900,-



Body Balance
Kr. 39.900,-

Bonanza
Kr. 65.900,-
svart leður



Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Opnir fundir málefnanefnda

Allt sjálfstæðisfólk er hvatt til þess að taka þátt í opnu fundunum og hafa þannig áhrif á stefnu flokksins!

Laugardagur 27. október í Valhöll

- Utanríkismálanefnd
- Velferðarnefnd
- Atvinnuveganefnd
- Fjárlaganefnd

Laugardagur 3. nóvember í Valhöll

- Efnahags- og viðskiptanefnd
- Umhverfis- og samgöngunefnd
- Allsherjar- og menntamálanefnd
- Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Fundirnir hefjast kl. 11:00 og þeim lýkur kl.15:00 með beinni útsendingu á xd.is þar sem formenn nefnda fara yfir helstu niðurstöður dagsins.

Nánari upplýsingar á www.xd.is.

Sjálfstæðisflokkurinn



FRAMLEIDA OFUREFNI STERKARI EN STÁL

Margar vörur Hampiðjunnar, þar af stærstu og sterkustu kaplar og taumar hennar, eru framleiddar úr svokölluðum ofurefnum. Ofurefni eru búnin til með framleiðsluferlum sem endurraða sameindum hefðbundinna plastefna í langar samfelldar keðjur sem eykur styrk og þol efnanna. Það þekktasta er sennilega efni sem nefnist kevlar og var lengi notað í skotheld vesti. Kevlar er unnið úr næloni en Hampiðjan notar aðallega skylt efni sem unnið er úr pólyetýleni.

Ingi Þórðarson segir að Hampiðjan hafi á áttunda áratugnum farið að keppa við framleiðendur veiðarfæra á Spáni og á Portúgal sem hafi í sumum tilfellum getað undirbúið fyrirtækið. „Við höfum því alltaf lagt mikið upp úr gæðum. Þar af leiðandi urðum við fyrsti veiðarfæraframleiðandinn til að byrja að nota ofurefnin í kringum 1990. Okkar menn sáu strax notagildið í því

að vera með efni sem flýtur en er samt jafn sterkt og málmvír. Nú til dags eru efnin orðin margfalt sterkari en stál. Með því að nota þessi efni gátu skip dregið stærri troll og önnur veiðarfæri og með þá þekkingu sem við höfðum myndað í sjávarútvegi í farteskinu fórum við í kjölfarið að færa okkur inn á aðra markaði,“ segir Ingi.

Þá segir Davíð G. Waage að sífellt sé verið að kynna nýja flokka af ofurefnunum. „Þá er undir okkur komið að finna not fyrir efnin. Þar sem við komum úr sjávarútvegi hefur okkur gengið mjög vel að þróa vörur sem henta iðnaði á hafi úti. Það er gríðarleg þróunarvinna sem liggur að baki þessum vörum og sú vinna fer nær eingöngu fram hér á Íslandi. Höfuðhönnuðurinn okkar heitir Hjörtur Erlendsson og hann hefur náð ótrúlegum árangri í að finna not fyrir þessu efni og raunar reynst fyrirtækinu sem selur okkur þau mjög vel líka.“

ÞAÐ ERU ENGINN HÖFT Á VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

VÍSIR
- oft á dag

Skoða evrufjárlög til sveiflujöfnunar

Hugmyndir um sameiginleg evrufjárlög í einhverri mynd eru sagðar njóta stuðnings fjölda ríkja Evrópusambandsins. Fjárlögin yrðu notuð til sveiflujöfnunar í einstökum evruríkjum en eru þó enn sem komið er að mestu óútfærð. Verði hugmyndirnar að veruleika gætu þær haft áhrif á spurninguna hvort evran henti Íslandi.

GJALDMIÐILSMÁL
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Talsverður stuðningur er meðal ríkja Evrópusambandsins (ESB) við hugmyndir um sérstök evru-fjárlög til að vernda evrusamstarfið fyrir áhrifum ósamhverfra hagsveiflna í evruríkjunum. Fjallað var um hugmyndirnar nýverið á fréttaveitunni EurActiv.com sem fjallar um málefni ESB.

Samkvæmt frétt EurActiv voru hugmyndirnar fyrst settar fram í minnisblaði frá skrifstofu Hermans van Rompuy, forseta leiðtogaráðs ESB, frá því í byrjun síðasta mánaðar. Var minnisblaðið skrifað í tengslum við vinnu innan ESB um hvernig styrkja megi evrusamstarfið með það fyrir augum að koma í veg fyrir að skuldakreppan á svæðinu geti endurtekið sig. Hugmyndirnar eru sagðar njóta stuðnings Þýskalands og Frakklands auk fleiri ríkja.

Samkvæmt hugmyndunum yrðu fjárlögin hugsuð til þess að gera ESB mögulegt að bregðast við fjármála- og efnahagslegum áföllum í einstökum evruríkjum. Þá yrðu þau notuð til mótvægisáðgerða í ríkjum í kreppu. Hugmyndirnar hafa þó enn ekki verið útfærðar af neinni nákvæmni. Þá er málið pólitískt viðkvæmt þar sem í því felst að evruríkin myndu deila ríkisfjármálavaldi sínu upp að vissu marki auk þess sem það kallar á flutning fjármuna milli evruríkja.

Seðlabanki Íslands kynnti í síðasta mánuði ýtarlega skýrslu um valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum. Að mati bankans koma



LEIÐTOGARÁÐ EVRÓPU Herman van Rompuy (lengst til vinstri í neðri röð), forseti leiðtogaráðs Evrópu, hefur viðrað hugmyndir um svokölluð evrufjárlög til sveiflujöfnunar í hagkerfum evruríkjanna.

tveir valkostir helst til greina í þeim efnum; áframhaldandi notkun krónunnar með vissum umbótum á umgjörð hennar og upp-taka evru í kjölfar aðildar að ESB.

Verði hugmyndirnar um evrufjárlög til sveiflujöfnunar á evrusvæðinu að veruleika hefði það áhrif á hina hagfræðilegu spurningu hvort skynsamlegt sé að taka upp evru. Þegar litið er til þess hvort ríki hafa gagn af því að ganga í myntbandalag er mikilvægt að bera saman hagsveiflu ríkisins og ríkja bandalagsins.

Sé hagsveiflan eins er kostnaður afsals sjálfstæðrar peningastefnu lítill þar sem hin sameiginlega peningastefna kemur einfaldlega í staðinn og mildar sveiflur. Ef hagsveiflan er hins vegar ólík getur sameiginlega peningastefnan þvert á móti magnað sveiflur.

Íslenska hagsveiflan hefur sögulega haft lítil tengsl við hagsveiflu evruríkja. Bendir það til þess að kostnaður Íslands við afsal sjálfstæðrar peningastefnu væri mikill. Verði hins vegar sett á fót einhvers

konar evrufjárlög með það að markmiði að bregðast við ósamhverfum hagsveiflum gæti sá kostnaður minnkað sem slagkrafti fjárlaganna nemur.

Hugmyndirnar um evrufjárlög eru þó enn ekkert nema einmitt hugmyndir. Þá eru evrufjárlög fráleitt eina hugmyndin sem sett hefur verið fram um breytingar á umgjörð evrusamstarfsins enda útbreidd skoðun að geri þurfi umtalsverðar breytingar á því í kjölfar skuldakreppunnar á evrusvæðinu.



VÍÐTÆKASTA DREIFIKERFIÐ GEFUR VÍÐTÆKAR LAUSNIR

Dreifikerfi Póstsins er það víðtækasta á landinu. Fimm daga vikunnar fá 99% heimila og fyrirtækja afhentar sendingar sem Pósturinn dreifir. Stór bílafloki og hópur reyndra starfsmanna gerir þér kleift að velja lausnir sem henta þörfum þíns fyrirtækis. Við getum sent nánast hvað sem er, bæði stórt og lítið – hratt eða á hagkvæman hátt.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA

Viðskipta-pakkar til útlanda	Auglýsinga-póstur	Sendla-þjónusta
Vörudreifing	Vöruhýsing	Fyrirtækja-þjónusta

www.postur.is

FYRIRTÆKJALAUSNIR

Björgvin Halldórsson • Bubbi Morthens • Diddú • Egill Ólafsson • Eiríkur Hauksson • Gissur Páll • Helgi Björnsson
Ragnhildur Gísladóttir • Sigríður Thorlacius • Svala Björgvins • Valdimar Guðmundsson • Þórunn Antonía

Góa og Fjarðarkaup
kynna með stolti

Jólagestir Björgvins 2012

Við komum með jólin til þín



Jólastjarnan 2012

Söngkeppni fyrir 16 ára og yngri sem sló í gegn í fyrra þegar 400 krakkar skráðu sig til leiks.

Sigurvegarinn í ár kemur fram á tónleikunum 15. desember og ný hljómplata með þeim 10 sem komast í úrslit verður gefin út fyrir þessi jól.

Skráning er hafin á visir.is/jolastjarnan

Fylgstu með í Íslandi í dag á Stöð 2

MÍÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10

Póstlistaforsala hefst í dag kl. 10

Stórsveit Jólagesta
undir stjórn Þóris Baldurssonar

Meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands
undir stjórn Roland Hartwell

Karلاكórinn Prestir
undir stjórn Jóns Kristins Cortez

Gospelkór Óskars Einarssonar

Barnakór Kársnesskóla
undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur




Míðasala á Miði.is og í síma 540-9800.
Skráðu þig á póstlistann okkar á www.jolagestir.is.



BYLGJAN
989

Miðasala í fullum gangi!

Tryggðu þér miða!



**Sýnt í Borgarleikhúsinu
í október, nóvember og desember.
Sýningar í Hofi á Akureyri í nóvember.**

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið



Eina sjónvarpsstöðin í heiminum sem helguð er sönnum sakamálum

ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STÖÐ 2.IS

Snjallsíminn greiðslumáti framtíðarinnar

Valitor hleypir af stokkunum tilraunaverkefni þar sem hægt verður að borga með snjallsíma í posa án snertingar. Þúsund símar verða með eftir áramót. Talið að fyrir 2020 verði kortafærslur komnar yfir í snjallsíma eða álíka tæki.

FJARSKIPTI

Porgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Áhugasamir Íslendingar geta átt þess kost eftir næstu áramót að nýta snjallsíma til að greiða fyrir vörur og þjónustu. Íslenska kortafyrirtækið Valitor stendur fyrir þessu verkefni ásamt Visa Europe og hugbúnaðarfyrirtækinu Oberthur Technologies. Markmiðið er að innleiða nýja tækni sem býður upp á snertilausar kreditkortagreiðslur með snjallsíma við posabúnað.

„Þetta eykur hagræði fyrir neytendur og kemur sér líka vel fyrir kaupmenn þar sem kaup ganga fljótar fyrir sig,“ segir Henrik Bromée frá Visa Europe, en hann var staddur hér á landi til að kynna tæknina á ráðstefnu um kortaviðskipti á alþjóðlegum vettvangi sem Valitor stóð fyrir. Visa prófaði tæknina með góðum árangri á Ólympíuleikunum í London, að sögn Henriks, en hann segir Ísland vera kjörinn vettvangi fyrir næsta tilraunaverkefni.

„Bæði eru Íslendingar sér á báti hvað varðar korta eign og notkun, en hér eru 2,5 Visakort á hvern mann, samanborett við innan við eitt á mann í Evrópu, og svo er snjallsímanotkun líka mjög útbreidd.“

Kristján Harðarson, sviðsstjóri markaðs- og þjónustusviðs Valitor, tekur undir það og bendir á að samkvæmt nýlegri könnun MMR sé yfir helmingur landsmanna með snjallsíma.

Kerfið gengur þannig fyrir sig að notandi fær útgefið sérstakt símkort með innbyggðri flögu frá kortafyrirtækinu, og setur svo upp forrit í símanum sínum, en fyrsta kastið verður hægt að setja það upp í tveimur tegundum af Samsung-símunum.

Við kaup fyrir lægri upphæð en 3.500 krónur nægir að bera símann upp að posanum, en fyrir hærri upphæðir þarf að slá inn pin-númer á símann. Vilji notendur hins vegar auka öryggið enn frekar er hægt að búa svo um að pin-númer sé alltaf notað.

Hvað varðar öryggi segir Kristján að þetta nýja fyrirkomulag sé í engu óruggara.

„Síminn er í raun greiðslukort, en í þessu nýja kerfi er hægt að loka fyrir kortið með tilkynningu til okkar enn hraðar en nú er mögulegt. Þannig er nýja kerfið enn öruggara að mörgu leyti.“



Í SÍMANUM Kristján Harðarson hjá Valitor og Henrik Bromée frá Visa Europe eru sannfærðir um að framtíðin liggi í snjallsímunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvað varðar kostnað segir Kristján að ljóst sé að kaupmenn munu ekki bera aukinn kostnað af þessu fyrirkomulagi, en hvað notendur áhrærir segir Kristján að ekkert hafi enn verið ákveðið en það muni skýrast með reynslunni.

Henrik segir aðspurður að Visa Europe líti þannig á að framtíðin liggi á þessu sviði. „Forstjórinn okkar hefur að minnsta kosti látið hafa það eftir sér að árið 2020 verði allar færslur með Visa gerðar með síma eða álíka tæki.“ Sé þó lítið til nánustu framtíðar hér á landi hefur tilraunaverk-

efnið verið í undirbúningi frá því í febrúar og á næstu vikum verður komið upp posum á sölustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir áramót munu fimmtíu korthafar fá tilboð um að prófa kerfið til að ganga úr skugga um að allt verði til reiðu í upphafi næsta árs þegar þúsund símkort og þrjú þúsund snertilaus greiðslukort verða gefin út og allt fer á fulla ferð.


„Þannig verður það út næsta ár,“ segir Kristján, „en ef að allt gengur að óskum, eins og ég býst við, verður jafnvel hægt að stíga skrefið til fulls fyrr.“

Ávöxtunarleikurinn

EFSTU SPILARAR

Bjarni Kolbeinnsson	▲ 8,78
Rakel Ásgeirsdóttir	▲ 8,36
Benedikt Benediktsson	▲ 6,28
Tómas Árni Jónsson	▲ 6,15
Jónína Olsen	▲ 6,08
Óli Þór Ásgeirsson	▲ 5,69
Kjartan Áspórrson	▲ 4,63
Gísli Halldórsson	▲ 3,73
Stefán Jónsson	▲ 3,44
Ingólfur Árni Gunnarsson	▲ 3,42

Skipting eftir eignaflokkum



Dagljósin vekja þig hægt og rólega með því að minnka magn svefnhormóna (melatónín) og auka framleiðslu hormóna (cortisol) sem hvetja líkamann til að vakna.

Vaknið endurnærð!



Dagljós Active útvarp

- Vekur þig með 15-90 mín. sólarupprás
- Hægt að sofna og vakna við útvarp eða náttúruhljóð

Verð 29.750 kr.

Dagljós Starter

- Nett vekjaraklukkan
- Vekur þig með 30 mín. sólarupprás

Verð 17.750 kr



Lumie

dagljósin



Bæta líðan og auka afköst

Dagljósin frá Lumie eru sérstaklega hönnuð til að líkja eftir sólarljósi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að dagljósameðferð í 30-90 mín. á dag virki vel gegn skammdegisþunglyndi. Meðal einkenna er depurð, sinnuleysi, orkuleysi, aukin svefnþörf og aukin matarlyst.



Skrifstofulampi með dagljósi


- Flottur og stílhreinn lampi
- Sérstakar dagljósadióður
- 10.000 lux í 22 cm fjarlægð

Verð 39.750 kr.

Dagljós Arabica

- Öflugt alhliða sólarljós sem lýsir upp herbergið
- Virkar vel gegn skammdegisþunglyndi
- 10.000 lux í 25 cm fjarlægð

Verð 29.750 kr.



➤ [Verslaðu á vefnum](#) ➤ [Frí sending að 20 kg](#) ➤ [1 árs skilaréttur](#)





Hin hliðin Hvað er svona merkilegt við að vera frumkvöðull?

Ég er frumkvöðull og byrjaði fyrst á minni vegferð fyrir tíu árum eða svo. Ég hef flutt inn skartgrip frá Kína, selt fasteignatækifæri í Dubai og stofnað auglýsingavörufyrirtæki. Á sama tíma hef ég stofnað til fjölskyldu, verið í fjarbúð, lokið háskólanámi og alið upp barn. Sum þessara verkefna hafa gengið vel, önnur verr. Mitt nýjasta verkefni er FAFU, þar sem við sköpum fjölnota leikfni fyrir leikskólabörn. Allt er þegar fernt er, ekki satt?!

„Alvöru vinna“

Vinir mínir spyrja mig stundum hvernig ég nenni þessu. Hvers vegna ég fái mér ekki bara 9-5 vinnu, (það sem amma kallar „alvöru vinnu“) með reglulegum útborgunum og helgarfríum. Vissulega væri nytssamlegt að fá aðeins hærri laun og það í hverjum mánuði. En ég lifi eftir þeirri lífspeki að gera aldrei neitt eingöngu fyrir peningana. Það verður að liggja eitthvað dýpra að baki því hvernig ég nýti meirihlutann af mínum vökustundum.

Því fylgja óneitanlega margir gallar að vera frumkvöðull. Langir vinnudagar, mikil óvissa og slatti af streitu stendur upp úr. Ég hef þurft að verja löngum stundum frá fjölskyldunni þar sem ég hef oft þurft að vinna fram eftir og ég hef ferðast mikið vegna starfsins. Á móti kemur að ég hef meðal annars fengið að ferðast til Nepal, Kína og Dubai, hitt fullt af áhugaverðu fólki, kynnst nýjum menningarheimum, lært, þroskast og vaxið. Ég hlakka til að mæta í vinnuna á hverjum degi því ég hef ástríðu fyrir starfinu mínu. Minn drifkraftur er að stjórna mínum örlögum sjálf, skapa eitthvað sjálf og gera eitthvað sem skiptir máli. Þetta gerir löngu dagana betri og óvissuna bærillegri.

Ómetanleg vinna

Hvað er svona merkilegt við að vera frumkvöðull? Heill hellingur. Ég hef öðlast ómetanlega reynslu af því að þurfa sjálf að finna út úr því hvernig við fjármögnum reksturinn yfir erfiðustu mánuðina, hvernig við byggjum upp vörumerki með afar takmarkað fjármagn til markaðssetningar og tekist á við erfið samningamál. Þessa dagana er ég að læra að byggja upp gæðakerfi og að stýra stjórnarfundum svo eitthvað sé nefnt. Í hnotskurn hef ég lært meira um viðskipti og rekstur en ég lærði í nokkrum kúrsi í mínu þriggja ára háskólanámi í viðskiptafræði. Svo þegar þú spyrð mig hvers vegna ég sé frumkvöðull, þá spyr ég þig: Hvers vegna ert þú ekki frumkvöðull?



Tilnefnt til
Grímunar 2012
sem besta
barnasýningin

„Ég gat hlegið
endalust á
þessari sýningu“

M.K. Djöflaeyjan, RÚV.

„Þeir Góí og Þröstur segja
söguna eins og þeim einum
er lagið með leiftrandi húmor
og hnyttum orðatiltækjum“

I.P. Hugrás, HL.

„Þetta gamla ævintýri segja þeir
Góí og Þröstur nú á Litla sviði
Borgarleikhússins við mikla
ánægju ungra leikhúsgesta“

S.A. TMM.

Sun 21/10 kl. 13:00
Sun 28/10 kl. 13:00

Góí og Baunagrasið

Einn Góí, þrjár baunir og margfaldur Þröstur verða að heilu ævintýri
Bráðskemmtileg og fyndin leiksýning fyrir alla fjölskylduna

BAUNA GRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

NÝJUNGAR
ÞJÓNUSTA
HÖNNUN



Fallegt úrval fyrir öll heimili

Sérhönnun fyrir þig bestu lausnina
— þér að kostnaðarlausu.

ORMSSON

Velkomin í breyttan og glæsilegan sýningarsal!



OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18 OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2819 & 530 2821 · www.hth-kitchen.com